

Miðvikudaginn 21. janúar 1970.

Nr. 107/1969. **Trygging h/f**

(Kjartan Ragnar Ólafsson hdl.)

gegn

Geislahitun h/f

(Kristinn Ólafsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Gizur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og Þór Vilhjálmsson.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1969. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvikum þeim, sem mál þetta á rætur sínar til að rekja, er lýst í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 24. marz 1964, í málinu: Geislahitun h/f gegn Valdimar Vigfússyni og Ólafi Pálssyni og gagnsök, og svo dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 2. febrúar 1968, í málinu: Geislahitun h/f gegn Ólafi Pálssyni og Tryggingu h/f til réttargæzlu, og loks í hinum áfrýjaða dómi.

Með dómi Hæstaréttar frá 2. febrúar 1968 var felld á stefnda í þessu máli, Geislahitun h/f, starfsdrottinsábyrgð á verki því, er leiddi til slyssins hinn 22. maí 1959, og var honum dæmt að endurgreiða Ólafi Pálssyni slysabætur, kr. 114.666.67, ásamt kostnaði, sem fallið hafði á Ólaf Pálsson í máli því, sem dæmt var í Hæstarétti 24. marz 1964, alls að fjárhæð kr. 223.693.50 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, endurkrefur stefndi áfrýjanda um greinda fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, samtals að fjárhæð kr. 414.843.74.

Samkvæmt ábyrgðartryggingarskírteini 17. júlí 1958 tókst áfrýjandi á hendur að tryggja stefnda „gegn þeirri einkaréttarábyrgð, er hvílir á tryggingartaka sem vinnuveitanda fyrir pípulagnir o. þ. h.“. Samkvæmt 1. gr. tryggingarskírteinisins tryggir áfrýjandi „gegn þeirri skaðabótaskyldu, sem fellur á tryggða samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenju á því sviði, sem getið er í skírteini þessu, enda sé skaðabótaskyldan afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Innan þeirra takmarka, sem getið er í 1. málsgrein, tryggir félagið einnig gegn þeirri skaðabótaskyldu, er starfsmenn tryggða baka honum sem slíkir gagnvart þriðja manni.

Ef bótakrafa kemur fram gegn tryggðum á því sviði, sem trygging þessi nær til, á félagið rétt á að reka málið fyrir hans hönd. Málskostnaðinn greiðir félagið, enda þótt málskostnaður og bætur samanlagt séu meiri en váttryggingarupphæðin. Sama máli gegnir um málskostnað, sem tryggður hefur sjálfur stofnað til með samþykki félagsins“.

Slys það, sem er undirrót máls þessa, varð við starf, er var í svo nánnum tengslum við pípulagningarstarfsemi stefnda, að bætur greiddar af stefnda vegna þess falla undir ákvæði tryggingarskírteinisins. Ber því að dæma áfrýjanda til að endurgreiða stefnda tjónbæturnar.

Áfrýjanda ber samkvæmt lokaákvæði 1. gr. tryggingarskírteinisins eigi skylda til að endurgreiða stefnda málskostnað í máli Valdimars Vigfússonar og Ólafs Pálssonar, sem dæmt var í Hæstarétti 24. marz 1964, en hann nemur kr. 66.464.50 að viðbættum vöxtum, kr. 16.497.98, samtals kr. 82.962.48, og eigi verður talið eðlilegt eftir atvikum að leggja á áfrýjanda nefndan málskostnað, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 20/1954. Hins vegar þykir rétt samkvæmt síðastnefndri lagagrein að dæma áfrýjanda til að endurgreiða stefnda málskostnað í máli Ólafs Pálssonar gegn stefnda, Geislahitun h/f, sem dæmt var í Hæstarétti 2. febrúar 1968.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda eftirtaldar fjárhæðir:

1. Höfuðstól tjónbóta	kr. 114.666.67
2. Vexti þar af til 25. júlí 1964 samkvæmt dómi Hæstaréttar 24. marz 1964	— 42.562.33
3. Vexti af nefndum höfuðstól frá 25. júlí 1964 til 3. apríl 1968	— 28.462.82
4. Vexti af vöxtum, að fjárhæð kr. 42.562.33 —	10.564.90
5. Málskostnað í héraði og Hæstarétti á hendur stefnda, Geislahitun h/f, samkvæmt dómi Hæstaréttar 2. febrúar 1968	— 62.030.00
6. Útlagðan málskostnað af hálfu stefnda, Geislahitunar h/f, vegna síðastgreinds dóms Hæstaréttar	— 73.378.00

Kr. 331.664.72

Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fjárhæð þessa með 7% ársvöxtum frá 3. apríl 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefnda, Geislahitun h/f, kr. 331.664.72 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. apríl 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 70.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

prófessoranna Gauks Jörundssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Eins og vikið er að í hinum áfrýjaða dómi, var Ólafi Pálsyni byggingameistara með dómi Hæstaréttar 24. marz 1964 gert að greiða Valdimar Vigfússyni skaðabætur vegna slyss, sem varð í maí 1959. Dómsskuldina greiddi Ólafur 25. júlí 1964 þannig:

Höfuðstóll	kr. 114.666.67
Vextir	— 42.562.33

Málkostnaður	kr. 30.000.00
Dómsendurrit og birting	— 125.50
Fjárnámskostnaður	— 1.650.00
Endurrit og þinglýsing fjárnáms	— 1.836.00
Uppboðskostnaður	— 2.200.00

Kr. 193.040.50

Ólafur Pálsson bætti við þessa fjárhæð eigin kostnaði af málinu (kr. 30.653.00) og stefndi Geislahitun h/f til greiðslu á kr. 223.693.50 auk vaxta og kostnaðar. Gekk dómur í því máli í Hæstarétti 2, febrúar 1968, og voru kröfur Ólafs Pálssonar teknar til greina, svo sem fram kemur í hinum áfrýjanda dómi. Þar kemur og fram, hvernig fundin er sú fjárhæð, sem krafizt er í þessu máli.

Áfrýjandi telur, að greiðsluskylda stefnda gagnvart Ólafi Pálssyni hafi byggzt á ábyrgðarsamningi og að það leiði til þess, að áfrýjanda sé óskýlt að greiða dómkröfuna. Á þetta verður ekki fallizt. Verður að byggja á því í málinu, að Geislahitun h/f hafi borið starfsdrottinsábyrgð á verki því, sem slys varð við í maí 1959, og að það hafi verið grundvöllur greiðsluskyldu þeirrar, sem um var dæmt 1968, og er það sama niðurstaða og berum orðum er nefnd í dómi þessum. Breytir engu, að um endurkröfu er að ræða, þar sem slíkar kröfur falla almennt undir ábyrgðartryggingarsamning aðilja. Verður það m. a. ráðið af því, að í j-lið 2. gr. samningsins segir, að félagið bæti ekki „endurkröfu vátryggingarfélags vegna bótagreiðslu“, en af því verður ályktað, að aðrar endurkröfur skuli bæta. Samkvæmt samningnum er hið stefnda hlutafélag tryggt gegn þeirri einkaréttarábyrgð, sem hvílir á því sem „vinnuveitandi fyrir pípulagnir o. þ. h.“. Ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að starf það, sem slysið 1959 varð við, falli hér undir.

Dómkröfur áfrýjanda hafa eigi verið studdar öðrum málsástæðum eða lagarökum en nú hefur verið vikið að. Hinu stefnda hlutafélagi var með hæstaréttardómi gert að greiða Ólafi Pálssyni vexti og málskostnað með þeim hætti, sem fyrr er fram komið. Verður ekki talið, að samkvæmt 52. eða

92. gr. laga nr. 20/1954 eða öðrum lagareglum sé rétt að lækka dómkröfur í málinu með tilliti til vaxta þessara og málskostnaðar. Kostnað þann, sem hið stefnda hlutafélag hafði af máli því, sem dæmt var 1968, verður áfrýjanda gert að greiða með hliðsjón af 92. gr. laga nr. 20/1954, enda verður ekki talið, að ákvæði í tryggingarsamningi aðilja kveði á um aðra niðurstöðu.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Er því dómSORÐ okkar svohljóðandi:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefnda, Geislahitun h/f, kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Geislahitun h/f í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. apríl 1968, á hendur Tryggingu h/f í Reykjavík til greiðslu á kr. 414.843.00 með 7% ársvöxtum frá 3. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að í maímánuði 1959 hafði stefnandi á hendi pípulagnir í húsinu nr. 3 við Vatnsstíg hér í borg. Í sambandi við það verk þurfti að brjóta niður skorstein, sem þar var. Hinn 21. maí 1959 bað forstjóri stefnanda Ólaf Pálsson byggingameistara að annast um niðurbrot skorsteinsins. Ólafur Pálsson gat eigi tekið það að sér, en bauðst til að útvega tvo af starfsmönnum sínum til að vinna verkið fyrir stefnanda í aukavinnu, og varð svo að ráði. Ólafur Pálsson vísaði starfsmönnum á verkstað og sagði þeim, hvað gera skyldi, en hafði eigi önnur afskipti af framkvæmd verksins. Er þeir starfsmennirnir voru að vinna verkið, hrundi skorsteinninn, sem var hlaðinn, með þeim afleiðingum, að annar þeirra slasaðist. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 24. marz 1964, er orsök slyssins rakin til van-gæzlu við framkvæmd verksins að meginhluta af hálfu samstarfsmanns hins slasaða, en einnig fyrir gáleysi hans sjálfs. Dæmdi Hæstiréttur hinum slasaða tjónbætur úr hendi Ólafs Páls-

sonar, þar sem eigi væri fyrir hendi það réttarsamband, er veitti hinum slasaða rétt til bóta úr hendi stefnanda þessa máls. Ólafur Pálsson höfðaði síðan mál á hendur stefnanda til endurgreiðslu þeirra tjónbóta ásamt kostnaði, er hann hafði orðið fyrir vegna hins fyrra máls. Í dómi Hæstaréttar um það málsefni, uppkveðnum 2. febrúar 1968, er þess getið, að Ólafur Pálsson hafi einungis tekið að sér að ráða tvo starfsmenn til niðurriffs umrædds skorsteins og vísa þeim á tilteknum tíma til vinnustaðar, en undanskildi sig verkstjórn þar og starfsdrottningsskyldum. Taldi Hæstiréttur, að sú vangæzla Ólafs Pálssonar að skýra starfsmönnum verksins eigi frá því, hvernig háttað var starfsherraábyrgð og verkstjórn, ætti eigi að valda því, að Ólafur Pálsson glataði þeim rétti sínum, að á stefnanda félli starfsdrottinsábyrgð á verkinu. Var stefnandi því dæmdur til að endurgreiða skaðabótafé það ásamt kostnaði, sem Ólafur Pálsson hafði orðið að inna af hendi vegna þess, að annar þeirra manna, sem hann réð til verksins, hlaut við framkvæmd þess lemstur fyrir handvömm verkfélaga síns.

Er framngreint slys varð, var í gildi með aðiljum málsins ábyrgðartryggingarsamningur, dags. 17. júlí 1958 til eins árs, um greiðslu tjónbóta allt að kr. 1.000.000.00. Það er eftir þessum samningi, sem stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu á skaðabótafé því ásamt kostnaði, sem honum var gert að greiða Ólafi Pálssyni með framangreindum dómi Hæstaréttar, og sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Höfuðstóll dóms Hæstaréttar í málinu nr. 52/1967	kr. 223.693.50
Vextir 25/7 1964 til 20/2 1968	— 55.742.24
Málskostnaður Ólafs Pálssonar í héraði	— 32.000.00
Málskostnaður Ólafs Pálssonar í Hæstarétti	— 30.000.00
Endurrit	— 30.00
	<hr/>
	Kr. 341.465.74
2. Málskostnaður Geislahitunar h/f í héraði	— 32.000.00
3. Málskostnaður Geislahitunar h/f í Hæstarétti	— 41.378.00
	<hr/>

Samtals kr. 414.843.74

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi verið gerður ábyrgur fyrir umræddu slysi, þar eð hann hafi borið endanlega starfsdrottinsábyrgð á vinnu margnefndra starfsmanna. Sú ábyrgð

hafi verið á hann lögð vegna mistaka Gunnars H. Pálssonar við starf í þágu Geislahitunar h/f og sé þar því um að ræma dæmi-gerða húsbóndaábyrgðarbótaskyldu, en þá bótaskyldu megi almennt orða þannig, að þar sé um að ræða ábyrgð, sem lögð sé á þann, er felur öðrum manni framkvæmd einhvers verks fyrir sig og beri ábyrgð á tjóni, er starfsmaðurinn vinnur með saknæmum hætti við framkvæmd verksins.

Skaðabótaskylda innan samninga sé aðallega tvenns konar, þ. e. að bótaskyldan sé aðalefni samnings, svo sem er um váttryggingarsamninga, og enn fremur að tjón, sem stafi af vanefnd skuldara á kröfu, sé oftlega talið vera innan samninga, þar sem bótakrafan fyrir vanefndinni eigi rætur sínar í samningnum milli kröfuhafans og skuldarans, enda hafi þá verið um að ræða gagnkvæmt íþyngjandi samning milli aðiljanna, þ. e. endurgjald komið fyrir veitta vöru eða þjónustu. Skaðabótaskylda utan samninga sé hins vegar, eins og orðin beri með sér, sú bótaskylda, sem lögð verði á menn, án þess að nokkur loforð hafi verið fyrir hendi um að bæta væntanlegt tjón. Húsbóndaábyrgð sé eitt höfuð-dæmi íslenzks skaðabótaréttar um ábyrgð utan samninga, en það sé einmitt sú ábyrgð, sem Geislahitun h/f hafi tryggt sig fyrir hjá stefnda með ábyrgðartryggingarsamningi þeim, sem í gildi var milli aðiljanna og áður getur, enda óumdeilt, að sá samningur hafi verið virkur.

Í tveim hæstaréttarmálum hefur því verið slegið föstu, að margnefndir starfsmenn hafi verið kvöld það, er slysið varð, starfsmenn Geislahitunar h/f og þágu laun beint frá því fyrirtæki. Hlutverk Ólafs Pálssonar í ráðningu manna til Geislahitunar h/f hafi verið starf, er hann framkvæmdi í umboði Geislahitunar h/f, en á hennar ábyrgð. Starfsdrottinsábyrgð af framkvæmd verksins hafi verið samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 2. febrúar 1968 lögð á Geislahitun h/f vegna mistaka, er Gunnari Pálssyni urðu á við framkvæmdina og leiddu til tjóns þess, er Valdimar Vigfússon varð fyrir. Samkvæmt þessu og skýru orðalagi áðurgreinds hæstaréttardóms geti ekki lengur verið nokkur vafi á því, hver sé grundvöllur bótaábyrgðar Geislahitunar h/f, enda viðurkennt í íslenzkum skaðabótarétti, að til þess að grundvöllur húsbóndaábyrgðar sé fyrir hendi, þurfi ekki að vera fastur starfssamningur, heldur sé nægilegt, að aðili leyfi öðrum að aðstoða sig á einn eða annan hátt, þá sé grundvöllurinn þegar fyrir hendi. Þannig sé ljóst, að bótaskylda Geislahitunar h/f sé hvorki þrengri né víðtækari en almennar reglur um bótaábyrgð

leggja fyrirtækinu á herðar og það bótaábyrgðin, eins og hún er á lögð, hvíli ekki á neinum samningi, sem fyrirtækið hafi gert um slíka bótaábyrgð, heldur komi hér til greina hinar almennu reglur. Hljóti samningur sá, er í gildi var milli aðiljanna um ábyrgðartryggingu, að verða að túlkast á þann hátt, sem lög geri ráð fyrir og með hliðsjón af eðli og tilgangi ábyrgðartrygginga almennt.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum í fyrsta lagi, að tjón stefnanda vegna umrædds slyss falli utan tryggingarsamnings aðiljanna. Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 163/1962: Geislahitun h/f gegn Valdimar Vigfússyni og Ólafi Pálssyni og gagnsök segi svo: „Fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f, sömdu eigi um verkið við Gunnar Helga Pálsson og gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússon né stjórnunðu framkvæmd verksins. Er því eigi fyrir hendi það réttarsamband, er veiti gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar. Hins vegar verður að leggja þann skilning í skýrslu Jóhanns Pálssonar, framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, sem að framan er rakin, að Geislahitun h/f hafi tekið á sig ábyrgð á framkvæmd verksins gegnt gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni“.

Hér hafi því um svonefndan ábyrgðarsamning (garanti-samning) verið að ræða. Með ábyrgðarsamningi í þrengri merkingu sé átt við löggerning, þar sem maður lofar að taka á sig þá fjárhagslegu áhættu, sem einhver starfsemi eða framkvæmd hefur í för með sér fyrir viðsemjandann. Kjarni ábyrgðarsamningsins sé sá, að ábyrgðarmaðurinn taki á sig fjárhagslega hættu vegna starfsemi eða framkvæmdar viðsemjanda síns. Stefnandi tók því á sig þessa áhættu, þó að eigi væri þerum orðum um það samið milli forráðamanns hans og Ólafs Pálssonar.

Með váttryggingarskírteini (ábyrgðartryggingarskírteini), dags. 17. júlí 1958, tryggði stefndi stefnanda gegn þeirri skaðabótaskyldu, sem á hann kynni að falla á tímabilinu 21. júlí 1958 til 21. júlí 1959, samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum á því sviði, sem getið er í skírteininu, enda væri skaðabótaskyldan afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga, sbr. 1. gr. skilmálanna.

Það sé því ljóst, að eigi geti verið um fébótaábyrgð utan samninga að ræða af hendi stefnanda gagnvart Valdimar Vigfússyni og/eða Ólafi Pálssyni. Krafa stefnanda í málinu sé því reist á fébótaábyrgð innan samninga. Þar sem slíkur samningur

hafi verið fyrir hendi, sbr. hæstaréttardóminn, þá hljóti hann samkvæmt eðli sínu að leiða til víðtækari bótaskyldu af hendi stefnanda en almennrar bótaskyldu utan samninga. Stefndi hafi eigi tryggt stefnanda gegn slíkri bótaskyldu og því beri samkvæmt því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Í annan stað er sýknukrafa stefnda á því byggð, að margnefnt slys hafi ekki orðið við slíkt verk, sem ábyrgðartryggingarsamningurinn hafi tekið til. Samkvæmt honum sé stefnandi tryggður gegn einkaréttarábyrgð, er hvíli á honum sem vinnuveitanda fyrir pípulagnir o. þ. h. Slysið hafi orðið við niðurrif á skorsteini, sem eigi verði talið til pípulagna.

Samkvæmt því, er að framan er rakið, er ljóst, að Ólafur Pálsson tókst einungis á hendur gegnt stefnanda að ráða tvo menn til niðurrifs margnefnds skorsteins og vísa þeim á tilteknum tíma til vinnustaðar, en undanskildi sig verkstjórn þar og starfdrottinsskyldum. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 2. febrúar 1968, er því slegið föstu, að framkvæmdastjóra stefnanda hafi verið hægt heimatök að fela verkstjóra sínum, sem hann kvaddi til að fara á vinnustað á hinum tilsetta tíma, að taka þar verkstjórnina að sér. Var honum metið þetta til vangæzlu, en hún þó eigi látin valda því, að Ólafur Pálsson glataði þeim rétti sínum, að á stefnanda félli að lokum starfsdrottinsábyrgð á verkinu.

Þegar þetta og önnur atvik málsins eru virt, þá þykir ljóst, að skaðabótaskylda stefnanda af slysinu var ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga, þótt ráðning starfsmanna hafi verið með þeim hætti, er lýst hefur verið. Þykir hún því falla innan þeirrar ábyrgðar, sem stefnandi tryggði sig gegn hjá stefnda með tryggingarsamningi aðilja, er í gildi var, er slysið skeði. Er í því efni talið, að niðurrif skorsteinsins sé svo nátengt pípulagningarstarfsemi stefnanda í umræddu húsi, að tryggingarsamningurinn taki einnig til þess verks. Ber stefnda því að endurgreiða stefnanda skaðabótafé það ásamt kostnaði, sem hann hefur orðið að inna af hendi af völdum slyssins. Verða því kröfur stefnanda í málinu teknar til greina að öllu leyti, enda hefur fjárhæðum þeirra eigi verið mótmælt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 55.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trygging h/f, greiði stefnanda, Geislahitun h/f, kr. 414.843.00 með 7% ársvöxtum frá 3. apríl 1968 til greiðsludags og kr. 55.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. janúar 1970.

Nr. 3/1970. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Dómenður:

hæstaréttardómaramir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Frávisun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 og 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1969, er hingað barst 5. janúar 1970. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir Félagsdóm að dæma efni máls og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður falli niður.